

Liljublóm sem að leit sólu mót
Á lífsins morgni var í burtu hrifið slitið óvænt upp af sinni r
ót
Ekkert finnst þar síðan nema grjót

Aftanstund og örlítill þeyr
Í eyra mér er hvíslað dimmum rómi:
Lætur eftir sig, það líf, sem deyr lítið skarð í hópinn, ekki m
eir.

Hjálpar alltaf að
Eiga í sínum hjartastað ljóselska minning ljúfa

Sorgin er ein á yfirferð
Ótti af henni mannfólkinu stendur hún er bæði köld og viðsjárve
rð og velur ekki neina sáttagerð

Liljublóm sem að leit sólu mót
Á lífsins morgni var í burtu hrifið slitið óvænt upp af sinni r
ót
Ekkert finnst þar síðan nema grjót

Hjálpar alltaf að
Eiga í sínum hjartastað ljóselska minning ljúfa